

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

41. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2017, miðvikudaginn 31. maí. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, varaoddviti í fjarveru Steins Inga Kjartanssonar, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Valgeir gerir athugasemd um að reikningurinn þyrfti að koma fyrir til sveitarstjórnarmanna, og betra væri að vera fyrir í mánuðinum með afgreiðsluna.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Ársreikningar Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2016 – fyrri umræða
2. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 23. maí
3. Fundargerð fræðslunefndar frá 23. maí.
4. Leigusamningur um Ísafjarðará.

-
1. Ársreikningar Súðavíkurhrepps og stofnanna lagðir fram.

Gestur fundarins í þessum lið er Guðmundur E. Kjartansson, endurskoðandi, sem er í síma.

Niðurstaða ársins í lykiltölum er eftirfarandi:

Rekstrartekjur ársins námu 246 milljónum

Rekstrarafgangur sveitarfélagsins er **23 milljónir**. Áætlun ársins gerði ráð fyrir 14 milljónum.

Eigið fé sveitarfélagsins nam **470** milljónum við árslok.

Veltufé frá rekstri var **50** milljónir við árslok, áætlun gerði ráð fyrir 27 milljónum.

Handbært fé sveitarfélagsins við lok ársins var **104** milljónir, en áætlun gerði ráð fyrir 77 milljónum.

Framlagður ársreikningur samþykktur samhljóða. Umræðunni vísað til seinni umræðu.

Bókun sveitarstjórnar.

Framúrskarandi árangur í rekstri Súðavíkurbrepps.

Ljóst er að rekstur Súðavíkurbrepps hefur tekið miklum framförum á síðustu þremur árum. Fjárhagsleg staða sveitarfélagsins hefur styrkst mjög, eins og kemur m.a. í þróun á handbæru fé og veltufés frá rekstri.

Til samanburðar var við lok árs 2013 handbært fé rekstri samstæðu 24 milljónir, en við lok 2016, 104 milljónir.

Veltufé frá rekstri við árslok 2013 var 15 milljónir, en við lok árs 2016 var það 41 milljón.

Veltufé frá rekstri segir til um getu sveitarfélagsins til fjárfestinga, sem hefur eflst til muna síðastliðinn þrjú ár.

Sjálfstæði sveitarsfélaga er öðru fremur bundið í fjárhagslega sjálfbærni.

Með öguðum rekstri og betri afkomu síðastliðinna ára hefur sveitarstjórn treyst sveitarfélagið betur í sessi, og eflt það til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Í ár er sveitarfélagið í stórum verkefnum, m.a. annars til að efla innviði Inndjúpsins. Slík verkefni eru sveitarfélaginu möguleg með góðum rekstri, eins og afkoma ársins 2016 gefur í ljós.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðin lögð fram. Samþykkt í öllum liðum.
3. Fundargerðin lögð fram. Samþykkt í öllum liðum.
4. Tveir aðilar hafa sóst eftir að taka Ísafjarðará á leigu sumarið 2017.

Eftir að hafa farið yfir umsóknir beggja aðila er það ákvörðun sveitarstjórnar Súðavíkurbrepps er ganga til samninga við Stangveiðifélag Ísafjarðar fyrir árið 2017.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhuga á að taka upp viðræður við áhugasama aðila varðandi leigutöku á ánni fyrir árið 2018 og þeim viðræðum verði lokið fyrir áramót 2017 – 2018.

Sveitarstjóra falið að svara umsóknaraðilum, með rökstuðningi sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:35

**Guðbjörg Bergmundsdóttir
varaoddviti**

Valgeir Scott

Hulda Gunnarsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri